

EFTIRLITSSKÝRSLA

Atlantsolía Hafnarfirði



Dags eftirlits	12.8.2022	Ábyrgðarmaður eftirlits	Margrét Helga Guðmundsdóttir
Fyrirtæki	Atlantsolía	Eftirlitsmaður	Margrét Helga Guðmundsdóttir
Heimili	Lónsbraut 2	Tegund eftirlits	Reglubundið
Kennitala	590602-3610	Flokkur	Olía
Fulltrúi fyrirtækis	Albert Valur Albertsson	ÍSAT nr.	51.51.0
Fulltrúi fyrirtækis	Bjarki Kristjánsson	Staðsetning	354728,781 399121,086

NIÐURSTAÐA EFTIRLITS

Eitt frávik kom fram í eftirlitinu varðandi frágang á geymslusvæði utan lekavarnarþróar.

UMFANG EFTIRLITS

Reglubundið eftirlit fór fram í Atlantsólíu með vísan í 57.gr. reglugerðar nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnareftirliti.

Um er að ræða olúbirgðastöð rekstraraðila við Óseyrarbraut 23 í Hafnarfirði. Starfsleyfið tekur til geymslu á allt að 3.400 m³ af bensíni í einum geymi og allt að 3.800 m³ af díselolíu, lífdíselolíu og gasolíu í tveimur geymum. Að auki gerir starfsleyfið ráð fyrir rekstri löndunarbúnaðar við löndunarbryggju og öðrum búnaði í samræmi við lög og reglugerðir. Ótakmarkað gegnumstreymi bensíns er heimilt í stöðinni.

Boðað umfang eftirlitsins var eftirfarandi:

- Kynning á starfsemi
- Staðan frá síðasta eftirliti og staða ábendingar
- Skráningar skv. gr. 4.1 í starfsleyfi
- Mælingar og rekstrarhandbók skv. gr. 4.2-4.4 í starfsleyfi
- Áhættumat og skjal um stjórnvaldssektir (sent með fundarboði)
- Önnur mál

Rekstraraðili fór yfir starfseminu fyrir nýjan eftirlitsmann. Þetta er olúbirgðastöð með þremur geymum, þar af eru tveir í notkun, annars vegar fyrir dísel og hins vegar bensín. Skolgeymir er við stöðina sem notaður er til tæmingjar á lögnum flutningsbíla á milli áfyllinga. Á löndunarbryggjunni er þró fyrir barkana, þar sem díselgeymarnir eru saman í þró og stök þró utan um bensíngeyminn.

Í síðasta eftirliti var sett fram ábending er varðar olúutunnur og geyma á geymslusvæði utan lekavarnarþróar. Nokkuð er um gamla efnabamba, járntunnur og brúsa sem þarf að yfirfara og fullvissa um að ekki séu olíuleifar í þeim sem lekið geta niður. Huga þarf einnig að frágangi á geymslusvæði. Úr þessu hefur ekki verið bætt en stendur til í síðari hluta ágústmánuðar. Farga þarf biluðum og ónýtum plastgámum og tómum olúutunnum á viðurkenndan hátt skv. gr. 3.11 í starfsleyfi.

Rekstrarhandbók var yfirfarin í eftirliti. Skráning á viðhaldi, eftirliti og bilunum í mengunarvarnarbúnaði er í góðum farvegi. Innra eftirlit er reglulegt og skráð vikulega, mánaðarlega eða vikulega eftir því sem við á. Mánaðarblöð hafa verið sameinuð vikublöðum og eftirlitið með því í lagi. Starfsleyfi og afrit af tryggingarskírteini var til staðar í rekstrarhandbók, en umhverfismarkmiðin vantar. Þau voru send eftirlitsaðila að eftirliti loknu en bæta skal þeim einnig í rekstrarhandbókina.

Ekki er tekið á móti neinni úrgangsolíu á svæðinu og lítill spilliefnaúrgangur fellur til. Starfsmenn Olúdreifingar taka með sér olúblautan úrgang ef við á. Annar úrgangur úr kaffiðstöðu og salernum fer til skrifstofu í sameiginlegan úrgang og er flokkaður eftir því sem við á.

Þjálfun starfsmanna var síðast í desember, eftir síðasta eftirlit og til stendur að halda námskeið í haust. Frá síðasta eftirliti hafa verið haldin þrjú námskeið fyrir starfsmenn. Yfirlit yfir námskeið og skráningu var sent eftirlitsaðila að eftirliti loknu.

Mælingar á virkni gufuendurnýtingarbúnaðar fór fram dagana 8. og 9. júní sl og voru mælingar innan

marka starfsleyfisins eða $<1 \text{ gr/Nm}^3/\text{klst}$ og var gufuendurnýtingarbúnaðurinn þjónustaður og yfirfarinn um leið.

Aðrar eftirlitsmælingar skv. gr. 4.3 í starfsleyfi eru í lagi. Sýni vegna olíu í fráveitu var síðast sent í mælingu árið 2020 og er því næst árið 2023.

Þrýstiprófanir fóru fram árið 2020 og eiga því næst að eiga sér stað árið 2025.

Botnþykktarmælingar fóru fram á geymi 1 árið 2020 og geymum 1 og 3 árið 2021, en slíkar mælingar skulu eiga sér stað á minnst 10 ára fresti.

Misskilningur átti sér stað varðandi tíðni yfirferðar á virkni olíuskilja sem var skýrt í eftirlitinu, en virkni olíuskilja skal yfirfarin á a.m.k. 6 mánaða fresti og þær tæmdar eftir þörfum, og mun rekstraraðili verða við því.

Farið var yfir áhættumat á tíðni eftirlits og skjal um stjórnvaldssektir sem sent var með fundarboði. Engar athugasemdir bárust.

Gengið var um stöðina og geymslusvæði utan lekavarnarþróar og það skoðað. Stöðin er snyrtileg á að líta en ráðast þarf í frágang á geymslusvæði sem hefur ekki átt sér stað síðan síðasta eftirlit fór fram. Einnig var löndunarbryggja og löndunarbúnaður skoðaður án athugasemda. Hlið stóð læst þegar komið var að stöðinni, girðingar heilar að sjá og aðgangsstýring virtist í lagi.

Frávik frá

Lýsing á fráviki

Gr. 3.11 í starfsleyfi

Bæta þarf úr frágangi á geymslusvæði utan lekavarnarþróar. Koma þarf biluðum og ónýtum plastgámum og tónum olíutunnum til endurnýtingar eða viðurkenndrar förgunar.

ANNAD


Engar kvartanir hafa borist eftirlitsaðila og engin mengunaróhöpp hafa átt sér stað frá síðasta eftirliti.

Viðstaddur eftirlitið var einnig Kristján Þór Ingvarsson frá Atlantsolíu.

1 Frávik: Framkvæmd telst ekki í samræmi við kröfur sem settar eru fram í starfsleyfi, lögum eða reglugerðum.

2 Ábending: Ástand sem eftirlitsmaður telur vert að vekja athygli á í þágu heilsuverndar, umhverfisverndar og öryggis en sem ekki geta talist frávik.

Reykjavík, 26.08.2022



Margrét Helga Guðmundsdóttir

